

Siðareglur Félags íslenskra fornleifafræðinga

Inngangur

Siðareglum þessum er ætlað að vera fornleifafræðingum til viðmiðunar um faglega og siðferðilega ábyrgð.

Viðfangsefni fornleifafræðinnar er að rannsaka ummerki genginna kynslóða. Fornleifafræði eru stunduð meðal annars með uppgröftum og beinist að því að rannsaka og túlka leifar sem menning fyrri alda hefur látið eftir sig.

Fornleifar eru sameiginlegur menningararfur þjóðarinnar. Þær eru viðkvæmar og sérstakar að því leyti að þeim er hætt við að skaddast eða eyðileggjast við rannsókn.

Sú þekking á horfnum samfélögum sem fæst við rannsóknir á fornminjum er sömuleiðis menningarleg sameign þjóðarinnar og ætti að vera öllum aðgengileg. Fornleifafræðingum ber því skylda til að kynna og birta niðurstöður rannsókna sinna.

Á fornleifafræðingum hvílir sú skylda að stuðla að varðveislu fornminja og haga rannsóknum sínum á þann veg að þær valdi sem minnstu raski en veiti sem áreiðanlegastar upplýsingar.

Með því að samþykka siðareglurnar viðurkenna fornleifafræðingar þessar skyldur. Með því að haga störfum sínum í samræmi við reglurnar sýna þeir faglega hæfni og siðferðilega ábyrgð.

Siðareglur

1. Fornleifafræðingar skulu uppfylla ströngustu kröfur um faglega og siðferðilega ábyrgð í starfi sínu.

1.1 Fornleifafræðingar skulu sinna starfi sínu með þeim hætti að þeir varpi hvorki rýrd á fagið né félagið.

1.2 Fornleifafræðingum ber að kynna niðurstöður fornleifafræðilegra rannsókna á ábyrgan og heiðarlegan hátt og forðast ýkjur og villandi staðhæfingar um fornleifafræðileg málefni.

1.3 Fornleifafræðingum ber að varast að veita faglega ráðgjöf, eða tjá sig opinberlega eða fyrir dómstóli um fornleifafræðileg málefni, nema þeir hafi áður kynnt sér þau gaumgæfilega.

1.4 Fornleifafræðingar skulu forðast að taka að sér fornleifarannsóknir sem þeir eru ekki færir um að sinna. Þeir skulu ávallt gæta þess að undirbúningur fornleifarannsóknar sé fullnægjandi og að þeir njóti nauðsynlegrar aðstoðar og aðstöðu.

1.5 Fornleifafræðingum ber að sýna vinnu annarra fornleifafræðinga tilhlýðilega virðingu og þeir mega ekki eignast sér verk þeirra eða hugmyndir. Forðast skulu þeir að taka þátt í nokkru því athæfi er skaðað gæti orðspor annarra fornleifafræðinga.

1.6 Fornleifafræðingum ber að kynna sér lög og reglur sem gilda um störf þeirra og hlíta þeim í hvívetna.

1.7 Fornleifafræðingar skulu í starfi sínu forðast óheiðarleika, svik, blekkingar og rangfærslur. Ekki skulu þeir vísvitandi leggja nafn sitt við neinar athafnir af því tagi og ekki heldur umbera þær hjá starfsfélögum sínum.

1.8 Fornleifafræðingum ber að virða lögmeða hagsmuni fólks sem tengist þeirri sögulegu fortíð sem verið er að rannsaka.

1.9 Fornleifafræðingar skulu leggja sitt af mörkum til þess að siðareglur þessar séu almennt virtar af félagsmönnum og stuðla að því að aðrir fornleifafræðingar taki þær upp.

2. Fornleifafræðingum ber skylda til að stuðla að verndun fornminja.

2.1 Fornleifafræðingar skulu vinna að varðveislu fornleifa á þann hátt að unnt sé að skoða þær og njóta þeirra í nútíð og framtíð. Verði slíkri varðveislu ekki við komið ber þeim skylda til að tryggja að saga minjanna sé varðveitt með skráningu og útgáfu upplýsinga og rannsóknarniðurstaðna.

2.2 Hafri rannsókn fornminja óhjákvæmilega í för með sér að minjar fari forgörðum skal stjórnandi hennar sjá til þess að eyðileggingin verði eins lítil og mögulegt er og takmarkist við það sem nauðsynlegt er til að markmið rannsóknarinnar náist. Markmiðin verða að vera nægilega mikilvæg til að réttlæta þá röskun sem rannsóknin hefur í för með sér.

3. Fornleifafræðingum ber að haga rannsóknum sínum á þann veg að þær skili sem áreiðanlegustum upplýsingum um viðfangsefnið. Þeir skulu og tryggja að niðurstöður rannsókna séu skráðar á fullnægjandi hátt.

3.1 Fornleifafræðingar skulu leitast við að fylgjast með nýjungum og þróun í fagi sínu og auka við þekkingu sína eftir föngum.

3.2 Fornleifafræðingar skulu undirbúa sig af kostgæfni fyrir þau verkefni sem þeir taka að sér.

3.3 Fornleifafræðingar skulu ganga úr skugga um að rannsóknarlýsing, skráningaraðferð og áætlun um sýnatöku séu fullnægjandi áður en rannsókn er hafin.

3.4 Fornleifafræðingar skulu ganga þannig frá rannsóknarskýrslum sínum að þær séu bæði skýrar og aðgengilegar.

3.5 Fornleifafræðingar skulu gæta þess að gögn, þar á meðal munir, sýni og skýrslur, séu tryggilega varðveitt meðan þau eru í þeirra vörslu og fylgjast síðan með því að þeim sé komið fyrir í viðeigandi geymslu, þar sem forvarsla og varðveisluskilyrði eru góð.

3.6 Fornleifafræðingum ber að íhuga hvort verkefni sem þeir vinna að séu líkleg til að hafa skaðleg áhrif á verk annarra fornleifafræðinga. Ef líkur benda til þess, ber þeim að reyna að halda slíkum áhrifum í lágmarki.

4. Fornleifafræðingum ber skylda til að ganga frá niðurstöðum rannsókna sinna svo fljótt sem auðið er.

4.1 Fornleifafræðingum ber að hafa samráð og samvinnu við aðra fornleifafræðinga um sameiginleg viðfangsefni. Þeim ber að virða áhuga starfssystkina sinna og rétt þeirra til upplýsinga um minjastaði, rannsóknarsvæði, muni og gögn þar sem viðfangsefni þeirra skarast.

4.2 Fornleifafræðingar skulu ganga frá nákvæmum skýrslum um rannsóknir sínar án óhóflegra tafa og sjá til þess að þær séu aðgengilegar (sjá athugasemd við 4.2).

4.3 Fornleifafræðingum ber að virða beiðni annarra fornleifafræðinga og námsmanna um upplýsingar um niðurstöður rannsókna eða verkefna, ef það samrýmist rétti þeirra sjálfra til útgáfu á efninu og öðrum skyldum þeirra sem fornleifafræðinga (sjá athugasemdir við 4.3).

4.4 Fornleifafræðingar bera ábyrgð á túlkun og útgáfu gagna sem varða verkefni undir þeirra stjórn. Fornleifafræðingur skal njóta einkaréttar á slíkum gögnum meðan á úrvinnslu stendur. Ef niðurstöður rannsóknar liggja ekki fyrir eða hafa ekki verið birtar 5 árum eftir að vettvangsrannsókninni lauk fellur þessi réttur niður nema ástæður tafanna séu óviðráðanlegar (sjá athugasemdir við 4.4).

4.5 Fornleifafræðingum er skylt að upplýsa almenning um tilgang og niðurstöður rannsókna sinna. Þeim ber að verða við réttmætum óskum um upplýsingar í þessu skyni (sjá athugasemd við 4.5).

4.6 Fornleifafræðingum ber að standa við samninga sem gerðir eru um útgáfu niðurstaðna rannsókna þeirra. Þeir mega ekki gera samninga sem hindra það að þeir geti birt eigin niðurstöður í skýrslum um rannsóknir sínar. Samningar mega heldur ekki fela í sér afsal á rétti til að nýta rannsóknargögnin eftir að verkefninu lýkur.

Athugasemdir

Eftirfarandi athugasemdir eru til nánari skýringar á áðurgreindum reglum. Ef í ljós kemur að þörf er frekari skýringa verður aukið við þær síðar.

Regla 4.2

Í þessari reglu felst ábending til fornleifafræðinga um að forðast að hefja, taka þátt í eða styðja verkefni sem hafa í för með sér eyðileggingu fornleifa nema að tryggt sé að úrvinnslu og skýrslugerð verði lokið innan hóflegra tímamarka. Ef þess er vænst að niðurstöður rannsóknar feli í sér ný mikilsverð þekkingaratriði eða ef þær leiða til mikilvægrar þróunar kenninga, aðferða eða tækni, ætti að miðla þeim eins fljótt og auðið er til annarra fornleifafræðinga. Þetta má gera bréflega, í fyrirlestur, með skýrslugjöf á fundum eða bráðabirgðaútgáfu, einkum ef ljóst þykir að endanleg útgáfa rannsóknarniðurstaðna muni dragast verulega.

Regla 4.3

Fornleifafræðingar sem taka við slíkum upplýsingum skulu virða hagsmuni heimildarmannsins og hafa það hugfast að lög um höfundarrétt kunna að eiga við.

Regla 4.4

Ljóst er að gangi fornleifafræðingur úr einu verki í annað kann það að valda vafa um ábyrgð á

birtingu rannsóknarniðurstaðna. Það verður að vera skýrt kveðið á um þessa ábyrgð, annað hvort í starfs- eða verksamningi þeim sem liggur verkinu til grundvallar eða með samkomulagi við þann aðila sem átti frumkvæði að því. Það er á ábyrgð fornleifafræðinga, hvort sem þeir eru í stöðu vinnuveitanda eða starfsmanns, að sjá til þess að skýrt samkomulag sé um þetta áður en verk er hafið.

Regla 4.5

Fornleifafræðingar skulu vera reiðubúnir til að veita aðgang að rannsóknarvettvangi þegar vel hentar. Skilyrði slíkra heimsókna eiga að vera samkomulagsatriði milli fornleifafræðings, þess sem fjármagnar rannsóknina, landeiganda og/eða ábúanda. Öryggi á staðnum og ástand rannsóknarvettvangs ræður hér og miklu.